

## Námsmatsreglur fyrir Sjúkraflutningaskólann

### Almennt

- a) Próf eru haldin í lok réttindanámskeiðanna; vettvangshjálpar, grunnnámskeiðs í sjúkraflutningum og neyðarflutninganámskeiðs. Tímasetning sjúkra- og endurtökuprófa skal vera innan tveggja vikna frá prófdegi.
- b) Einungis nemendur sem hafa fallið eða verið veikir í prófi þegar prófað er eiga rétt á að taka sjúkra- og endurtökupróf.
- c) Próf eru skrifleg, verkleg eða hvort tveggja. Heimilt er að leggja fyrir verkefni eða kannanir á námskeiðstíma sem gilda sem hluta af námsmati. Nemandi getur misst próftökurétt sinn skili hann ekki öllum tilskildum verkefnum námskeiðsins. Um þetta skal vera samráð á milli skólastjóra, verkefnastjóra og umsjónarmanna námskeiða og ákvörðun kunngerð nemendum eigi síðar en við upphaf kennslu í viðkomandi námskeiði. Til að gera breytingar á námsmati eftir að námskeið er hafið þarf samþykki meirihluta nemenda í námskeiðinu og allra hlutaðeigandi kennara.
- d) Ekki er heimilt að lengja eða stytta próftíma eftir að próf er hafið, nema ef ófyrirsjáanleg truflun hefur orðið á framkvæmd prófs getur skólastjóri, verkefnastjóri eða umsjónaraðili prófs breytt próftíma og ber að tilkynna nemendum það samstundis.
  - ✓ Ef ljóst er fyrirfram að nemandi þarf af lögmætum ástæðum lengdan próftíma eða aðstoð við töku skriflegs prófs með öðrum hætti skal ósk um það berast skólastjóra eða verkefnastjóra eigi síðar en tveimur vikum fyrir ráðgerðan próftíma eða í upphafi námskeiðs ef um styttri námskeið er að ræða. Nemandi þarf ennfremur að rökstyðja beiðni sína og leggja fram viðeigandi vottorð henni til staðfestingar.
- e) Til að hafa staðist námskeið skal nemandi hafa náð lágmarkseinkunninni í verklegum og skriflegum lokaprófum. Lágmarkseinkunn í skriflegu prófi er 7,5. Í verklegum prófum eru einkunnir gefnar sem staðin(n) eða fallin(n).
- f) Skólastjóri eða verkefnastjóri sér um færslu einkunna og varðveislu þeirra. Skólastjóri, verkefnastjóri eða umboðsaðili hans sér um að birta nemendum einkunnir.

### Umsjónarkennari

- a) Verkefnastjóri, í samvinnu við umsjónarkennara, sér um samræmingu prófspurninga. Próf skulu vera tilbúin eigi síðar en viku fyrir áætlaðan próftíma.
- b) Umsjónarkennari sér um yfirferð prófs í sínu námskeiði og skilar einkunnum ásamt próf- og svarblöðum til verkefnastjóra eftir skipulagðan sýnidag.
- c) Einkunnir skulu birtar innan 8 virkra daga frá því að próf var þreytt. Umsjónarkennari skipuleggur sýnidag prófs innan 11 virkra daga frá því að próf var þreytt en nemendur hafa möguleika á að skoða prófurlausnir með

umsjónarkennara eftir að einkunnir hafa verið birtar. Próf eru í vörslu umsjónarkennara og eru úrlausnir eign skólans.

- d) Umsjónarkennari skilar gögnum um verklegan prófhluta til skólastjóra/ eða verkefnastjóra samhliða niðurstöðu skriflegs prófs.

#### Nemandi

- a) Nemandi á rétt á að fá útskýringar á orðalagi prófspurninga og skal yfirsetumaður prófs vera efninu kunnugur og sjá til þess.
- b) Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll á prófdegi áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skólastjóra eða verkefnastjóra við fyrsta hentugleika og eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið. Sama á við ef nemandi mætir ekki í próf vegna veikinda barns.

#### Skrifleg próf

- a) Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0,5 til 10 með námundun að næstu hálfu eða heilu tölu.
- b) Standist nemandi ekki skriflegt próf er honum heimilt að endurtaka það einu sinni án aukakostnaðar og þá á skipulögðu endurtöku- eða sjúkraprófi tveimur vikum eftir upphaflegan prófdag. Nemandi hefur möguleika á því að þreyta skriflegt próf í þriðja sinn í tengslum við næsta skipulagðan prófdag. Nemandi skal þá greiða próftökugjald sem er ákvarðað í upphafi skólaárs. Próftökuréttur fyrnist á einu ári frá lokum námskeiðs eða eftir annan próftökudag samskonar námskeiðs ef meira en ár líður á milli námskeiða.
- c) Falli nemandi öðru sinni á upptökuprófi er litið svo á að hann hafi fallið á námskeiðinu.

#### Verkleg próf

- a) Einungis nemendur sem hafa mætt í **allar** verklegar æfingar fá að taka verklegt próf.
- b) Einkunnir eru gefnar sem staðin(n) eða fallin(n). Prófstjóri sér um að upplýsa nemandann hvort hann féll og þá í hvaða prófstöðvum, án þess að tilgreina nákvæmlega í hvaða þáttum prófstöðvarinnar. Falli nemandi á verklegri prófstöð má hann endurtaka það próf einu sinni á prófdegi hjá öðrum leiðbeinanda en falli nemandi á fleiri en helmingi prófstöðva telst hann hafa fallið á verklegu prófi.
- c) Falli nemandi í verklegu prófi má hann taka upp fallstöðvar að nýju á öðrum skipulögðum prófdegi og þarf nemandi þá að borga próftökugjald sem er ákvarðað í upphafi skólaárs. Próftökuréttur fyrnist á einu ári frá lokum námskeiðs eða eftir annan próftökudag samskonar námskeiðs ef meira en ár líður á milli námskeiða.
- d) Falli nemandi öðru sinni á upptökuprófi er litið svo á að hann hafi fallið á námskeiðinu.

### Framkvæmd prófa


- a) Mælt er til að nemendur mæti a.m.k. 10 mínútum áður en próf hefst. Mæti nemandi meira en 15 mínútum eftir að próf hefst fær hann ekki að þreyta prófið. Sé um lögmæt forföll að ræða getur skólastjóri eða verkefnisstjóri veitt nemanda heimild til endurtökuprófs tveimur vikum eftir upphaflegan prófdag.
- b) Að loknum próftíma ber öllum að skila úrlausnum þegar í stað.
- c) Í öllum skriflegum prófum á að skila prófspurningum og svarblöðum til yfirsetumanns að prófi loknu. Prófspurningar verða ekki aðgengilegar nemendum eftir að prófi lýkur.
- d) Nemendur mega ekki hafa hjá sér yfirhafnir, töskur eða annan búnað, sem ekki tilheyrir leyfilegum hjálpargögnum, meðan á prófi stendur.
- e) Nemendur sem ljúka prófi áður en tilskildum próftíma lýkur skulu fara frá prófstofu og gæta þess að trufla ekki þá sem enn eru í prófi.
- f) Óheimilt er að valda truflun í prófstofu og skal nemandi þá áminntur. Valdi sami nemandi aftur truflun eftir að hafa verið áminntur einu sinni skal honum vísað frá prófi. Nemandi telst þá hafa fallið á prófinu.
- g) Verði nemandi uppvis að því að hafa rangt við í prófi skal prófverkefnið og svarblaðið umsvifalaust tekið af nemandanum og skólastjóri látinn vita. Nemandi er þá sjálfkrafa fallinn í prófinu.

### Gildistaka

Námsmatsreglur þessar eru ótímabundnar en skulu bornar undir fagræð í upphafi hvers skólaárs til samþykktar.

Námsmatsreglur þessar öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt af stjórn Sjúkraflutningaskólans 28. september 2010.



Sigurður E. Sigurðsson  
Formaður stjórnar Sjúkraflutningaskólans